

## Beiðni um skýrslu

**frá innviðaráðherra um tjón af völdum rakaskemmda og myglusvepps  
í fasteignum og um réttarstöðu eigenda þeirra.**

Frá Halldóru Mogensen, Andrési Inga Jónssyni,  
Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur, Ásthildi Lóu Þórsdóttur,  
Birni Leví Gunnarssyni, Eyjólfí Ármannssyni, Gísla Rafni Ólafssyni,  
Guðmundi Inga Kristinssyni, Jakobi Frímanni Magnússyni, Tómasi A. Tómassyni,  
Þorbjörðu Sigríði Gunnlaugsdóttur og Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskráinnar og 54. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að innviðaráðherra flytji Alþingi skýrslu um rakaskemmdir í fasteignum og um réttarstöðu eigenda þeirra. Í skýrslunni komi eftirfarandi fram:

1. Hvað er vitað um ástæður þess að húseignir á Íslandi skemmast af völdum raka? Er skýringa að leita í aldri bygginga, byggingarefnini, hönnun, handvömm á byggingartíma, einangrun eða skorti á viðhaldi og eftirliti?
2. Hver er réttarstaða einstaklinga sem verða fyrir tjóni af völdum rakaskemmda og myglusvepps í samanburði við nágrannalöndin? Hver er ábyrgð seljanda fasteignar, fagaðila við byggingarstarfsemi, seljanda byggingarefnis og eftirlitsaðila með byggingarframkvæmdum?
3. Hvernig er unnt að bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir slíku tjóni og auka tryggingavernd vegna þess mikla kostnaðar og heilsutjóns sem rakaskemmdir í húsum hafa í för með sér? Er fyrirhugað að koma á byggingargallaþryggingu við nýbyggingar og eigendaskiptatryggingu við kaup og sölu á fasteignum að danskri fyrirmynnd?

### Greinargerð.

Sams konar beiðni var lögð fram á 150. löggjafarþingi (940. mál) og 151. löggjafarþingi (669. mál) án þess að skýrla bærist þinginu.

Lítið er til af heildstæðum upplýsingum um rakaskemmdir og myglu í fasteignum og um áhrif þeirra á þá sem þar dvelja. Með þessari skýrslubeiðni er þess farið á leit að tekna verði saman ástæður rakaskemmda í fasteignum og að áhrif á einstaklinga verði metin, bæði heilsufarsvandi og kostnaður vegna þessa. Flutningsmenn vona að svörin nýtist til þess að áætla umfang vandans og varða leiðina til þess að útrýma þessum vágesti og bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir slíku tjóni.

